

**Bakkahvammur hses.
Stjórnarfundur.**

Mánudaginn 7. júní 2021 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í fjarfundi og hófst hann kl.16:30

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Skúli Guðbjörnsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Sigrún Margrét Halldórsdóttir.

Einnig sat fundinn Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón Geirsson formaður stjórnaði fundi.

1. Stjórn skiptir með sér hlutverkum

Lögð fram tillaga:

Formaður verði Einar Jón Geirsson

Ritari verði Sigrún Margrét Halldórsdóttir

Gjaldkeri verði Ragnheiður Pálsdóttir

Meðstjórnendur verði Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Skúli Hreinn Guðbjörnsson.

Samþykkt.

2. Skýrsla frá úttekt á íbúðum Bakkahvamms hses.

Sæþór Kristinsson var fenginn til að gera úttekt á íbúðum Bakkahvamms hses. í Bakkahvammi 8a-c og lagði fram skýrslu þess efnis. Ákveðin atriði sem þar koma fram hafa verið í ólagi frá því að tekið var við íbúðunum sl. sumar. Leigufélagið Bríet hefur einnig látið gera úttekt á sínum íbúðum. Tillaga er að Bakkahvammur hses. hafi samband við Bríet og verði samferða þeim í afgreiðslu á úttektum íbúðanna.

Samþykkt.

3. Lokafrágangur á lóðum

Hrafnshóll sendi erindi og óskað var eftir að gengið væri í frágang á lóðum. Stjórn leggur til að reiknað verði út kostnaður við frágang og sent í verðkönnun til verktaka á svæðinu.

Samþykkt.

4. Önnur mál

Fundur með Bríet – síðast þegar það var rætt var ekki komin nein niðurstaða hjá Bríet.

**Bakkahvammur hses.
Stjórnarfundur.**

Stjórn leggur til að óskað verði eftir fundi með leigufélaginu Bríet.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:50